



Skipulags- og samgönguráð

Málsnúmer: USK2021020121

18. mars 2021

Tillögur um breytta tilhögun umferðar í Reykjavík

Lagt er til að skipulags- og samgönguráð samþykki eftirfarandi:

- Að stæði fyrir framan Lækjargötu 2A verði merkt sem stæði fyrir vöruafhendingu.
- Að óheimilt verði að leggja ökutækjum í sleppistæði við Lindargötu 66.
- Að óheimilt verði að stöðva og leggja ökutækjum norðan Grjóthálsar, frá Hálsabraut að Bitruhálsi.
- Að bílaumferð úr botnlanga Ægisíðu 115-119 skuli víkja fyrir bílaumferð um Ægisíðu á biðskyldu.

Ofangreind ráðstöfun verði merkt með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra ásamt áorðnum breytingum.

Greinargerð

Hér á eftir er gerð stuttlega grein fyrir bakgrunni hvernar tillögu. Teikningar sem sýna áætlaðar merkingar fylgja með hér að aftan.

Sérstakt stæði vegna vöruafhendingar í Lækjargötu mun auðvelda vöruafhendingu utan vöruafhendingartíma Kvosarinnar en kallað hefur verið eftir því að bæði af rekstraraðilum og vörudreifingaraðilum að bæta aðgengi að Kvosinni fyrir slíka þjónustu.

Sleppistæði hefur lengi verið við Lindargötu 66 þar sem eru þjónustuíbúðir. Það gerist ítrekað að lagt sé þar þrátt fyrir að til þess sé ekki ætlast. Banninu er því ætlað að festa sleppistæðið í sessi og gera bílastæðasjóði kleyft að hafa eftirlit með notkun sleppistæðisins.

Á Grjóthálsi myndast reglulega löng röð ökutækja sem eru að bíða þess að komast að á bílapvottastöðvum sem er austast í götunni. Þegar það gerist þurfa ökutæki á leið austur Grjótháls að aka á öfugum vegarhelmingi langa leið en vegrýn er skert austast þar sem gatan mætir Bitruhálsi. Strætó ekur þarna og skapast hættu vegna þessa þegar strætó þarf að aka langa vegalengd á öfugum vegarhelmingi og fyrir horn. Lögreglan hefur kallað eftir því að óheimilt verði að stöðva þarna.

Þar sem húsagatan að Ægisíðu 115-119 kemur að aðalgötunni Ægisíðu víkur umferð frá húsagötunni fyrir umferð á aðalgötunni og hefur gert það svo lengi sem menn muna. Það hefur samt aldrei verið merkt sérstaklega. Það fyrirkomulag er fest í sessi með þessari ákvörðun.



Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið


Í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 hefur tillagan verið borin undir og samþykkt af lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Fyrir hönd skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar


Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir

Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir

Deildarstjóri samgangna



— NÝJAR YFIRBORÐSMERKINGAR
— YFIRBORÐSMERKINGAR FRÆSTAR



MÆLT:		BREYT:	DAGS	FYRIRTÆKI	HA/YF/SA
HANNAÐ:	BRI	Ⓐ			
TEIKNAD:	BRI	Ⓑ			
YFIRFARIÐ:		Ⓒ			
SAMP.		Ⓓ			
		MÁLSNÖMER	Málsnúmer		





UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ
SKRIFSTOFA SAMGÖNGUSTJÓRA OG BORGARHÖNNUNAR
BORGARTÚNI 12-14, 105 REYKJAVÍK
SÍMI: 411 1111

Vorpakki 2021

Planteikning
Vöruafhendingarstaði í Lækjargötu

DAGS:	12.02.2021	MÆLIKVARÐI	1:500/A2
TÖLVUSKRÁ	Vorpakki.dwg	TEIKNINÚMER	103



MÆLT:		BREYT:	DAGS	FYRIRTÆKI	HA/YF/SA
HANNAÐ:	BRI	Ⓐ			
TEKNAÐ:	BRI	Ⓑ			
YFIRFARIÐ:		Ⓒ			
SAMP.		Ⓓ			
		MÁLSNÚMÉR	Málsnúmer		





UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ
SKRIFSTOFA SAMGÖNGUSTJÓRA OG BORGARHÖNNUNAR
BORGARTÚNI 12-14, 105 REYKJAVÍK
Sími: 4 11 1111

Vorpakki 2021

Planteikning
Sleppistæði við Lindargötu 66

DAGS.	12.02.2021	MÆLIKVARÐI	1:500/A2
TÖLVUSKRÁ	Vorpakki.dwg	TEIKNINÚMÉR	104




MÆLT:		BREYT:	DAGS	FYRIRTÆKI	HA/YF/SA
HANNAÐ:	BRI	Ⓐ			
TEIKNAD:	BRI	Ⓑ			
YFIRFARID:		Ⓒ			
SAMP.		Ⓓ			
		MÁLSNÖMER	Málsnúmer		




UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ
SKRIFSTOFA SAMGÖNGUSTJÓRA OG BORGARHÖNNUNAR
BORGARTÚNI 12-14, 105 REYKJAVÍK
SÍMI: 411 1111

Vorpakki 2021			
Planteikning			
Bann við stöðvun og lagningu ókuþækja við Grjótháls			
DAGS:	12.02.2021	MÆLIKVARDI:	1:1000/A2
TÖLVUSKRÁ	Vorpakki.dwg	TEIKNINÚMER	107



NÝJAR YFIRBORÐSMERKINGAR



MÆLT:		BREYT:	DAGS	FYRIRTÆKI	HA/YF/SA
HANNAÐ:	BRI	Ⓐ			
TEKNAÐ:	BRI	Ⓑ			
YFIRFARIÐ:		Ⓒ			
SAMP.		Ⓓ			
		MÁLSNÚMÉR	Málsnúmer		



UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ
SKRIFSTOFA SAMGÖNGUSTJÓRA OG BORGARHÖNNUNAR
BORGARTÚNI 12-14, 105 REYKJAVÍK
SÍMI: 411 1111

Vorpakki 2021

Planteikning
Botnlangi Ægisíðu 113-117 biðskylda

DAGS:	12.02.2021	MÆLIKVARDI	1:500/A2
TÖLVUSKRÁ	Vorpakki.dwg	TEIKNINÚMÉR	112

